

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness þriðjudaginn 1. febrúar 2011 í máli nr. E-59/2010:

Guðmundur Helgi Víglundsson

(Jóhannes Sigurðsson hrl.)

gegn

Eiríki Ormi Víglundssyni og

Vélsmiðju Orms/Víglundar sf.

(Baldvin Hafsteinsson hrl.)

Mál þetta, sem tekið var til dóms 20. janúar sl., að undangengnum endurteknum munnlegum málflutningi, var höfðað 8. janúar 2010.

Stefnandi er Guðmundur Helgi Víglundsson, Erluási 15, Hafnarfirði.

Stefndu eru Eiríkur Ormur Víglundsson, Svöluási 48, Hafnarfirði og Vélsmiðja Orms og Víglundar sf., Kaplahrauni 14-16, Hafnarfirði.

Stefnandi krefst þess aðallega að dómurinn staðfesti að ákvörðun félagsfundar, Vélsmiðju Orms og Víglundar sf., sem fram fór 10. desember 2009 um brottvikningu stefnanda úr sameignarfélaginu sé ógild.

Til vara krefst stefnandi þess að ógilt verði með dómi ákvörðun félagsfundar í stefnda, Vélsmiðju Orms og Víglundar sf., sem fram fór 10. desember 2009 um brottvikningu stefnanda úr sameignarfélaginu.

Þá krefst stefnandi þess að stefndu verði dæmdir til þess að greiða stefnanda málskostnað.

Stefndu krefjast þess að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða þeim málskostnað.

I

Vélsmiðja Orms og Víglundar sf. var stofnuð árið 1973 af Víglundi Guðmundssyni og syni hans, stefnda Eiríki Ormi Víglundssyni. Árið 1984 lést

Víglundur Guðmundsson og gerðist ekkja hans, Eyrún Eiríksdóttir, aðili að félaginu. Hinn 30. september 1994 gekk Eyrún úr félaginu og þann sama dag var tilkynnt til firmaskrár Reykjavíkur að stefnandi hefði gerst aðili að félaginu. Fram kemur í tilkynningunni að stefndi, Eiríkur Ormur Víglundsson, og stefnandi myndu ábyrgjast skuldbindingar félagsins báðir fyrir annan og annar fyrir báða. Ástæða þess að Eyrún Eiríksdóttir gekk úr félaginu var sú að skuldastaða félagsins var erfið og vildi hún fá frið fyrir innheimtumönnum félagsins.

Í greinargerð stefndu er rakið að með sameiginlegri og gagnkvæmri erfðaskrá hjónanna Víglundar og Eyrúnar Eiríksdóttur, dagsettri 28. desember 1977, hafi verið kveðið á um að það hjóna sem lengur lifði ætti rétt á að sitja í óskiptu búi, en eftir andlát beggja skyldi allur eignarhlutur búsins í félaginu, Vélsmiðju Orms og Víglundar sf., renna til stefnda Eiríks Orms, en á móti afsalaði stefndi sér tilkalli til arfs að öðrum eignum hjónanna og ábyrgðist greiðslu á öllum skuldum félagsins. Sama dag hafi stefndi Eiríkur Ormur og þeir af erfingjum hjónanna, sem þá hafi verið orðnir lögráða, undirritað yfirlýsingu sama efnis. Stefnandi hafi ekki verið orðinn lögráða á þessum tíma. Við andlát móður þeirra bræðra á árinu 2002 hafi dánarbúinu verið skipt í samræmi við erfðaskrá. Hafi öllum eignum búsins, öðrum en eignarhlut þess í stefnda, Vélsmiðju Orms og Víglundar sf., verið skipt á milli systkina stefnda Eiríks Orms, þeirra Rannveigar, Stefaníu og stefnandans Guðmundar Helga, sbr. einkaskiptagerð dagsett 4. júlí 2002. Hafi þar sérstaklega verið tekið fram að skiptin væru framkvæmd í samræmi við ákvæði erfðaskrár þeirra hjóna frá 1977 og að stefndi Eiríkur Ormur afsalaði sér öllu tilkalli til arfs eftir foreldra sína, að undanteknum hlut stefnda í Skeggjastaðalandi í Mosfellsbæ, sem hann hafi erfð eftir afa sinn. Einkaskiptagerð þessi hafi verið undirrituð af öllum erfingjum hjónanna. Með undirritun sinni á gerðina og framkvæmd skiptanna hafi hlutur dánarbúsins í stefnda, Vélsmiðju Orms og Víglundar sf., að öllu leyti fallið til stefnda Eiríks Orms.

Í stefnu segir að bræðurnir hafi um áratugaskeið haft aðalatvinnu af starfsemi sameignarfélagsins og hafi samstarf þeirra verið mjög náið og gott í gegnum tíðina. Það hafi hins vegar breyst í júlímánuði 2009 þegar upp hafi komið ágreiningur á milli bræðranna um stjórnun og eignarhald á annars vegar stefnda, Vélsmiðju Orms og Víglundar sf., og hins vegar Vélsmiðju Orms og Víglundar ehf. Einkahlutafélagið sé í 99% eigu stefnda, Vélsmiðju Orms og Víglundar sf. og því dótturfélag þess, auk þess sem stefnandi eigi beint 0,3% hlut í einkahlutafélaginu og stefndi Eiríkur eigi beint 0,7% hlut. Stefnandi hafi verið stjórnarformaður einkahlutafélagsins og framkvæmdastjóri.

Stefndu mótmæla harðlega þeirri staðhæfingu stefnanda að ágreiningur, sem risið hafi á milli þeirra um mitt sumar 2009, hafi verið um eignarhald og stjórnun félaganna tveggja. Hið rétta sé að ágreiningurinn hafi lotið að skiptingu á hlut stefnanda í landi Skeggjastaða. Afleiðing af þeirri deilu hafi verið sú að stefnandi hafi horfið frá vinnu um miðjan júlí 2009 og ekki snúið aftur til starfa. Í stefnu segir að frá því að ágreiningur aðila kom upp hafi stefndi Eiríkur Ormur ítrekað reynt að bola stefnanda út úr starfsemi félaganna og þannig gengið á rétt stefnanda sem sameiganda í sameignarfélaginu. Þá hafi hann ítrekað reynt með ólögnum hætti að segja honum upp störfum sem framkvæmdastjóra einkahlutafélagsins og reynt að skipta um stjórn í félaginu með aðgerðum sem ekki hafi samræmst ákvæðum samþykktu einkahlutafélagsins og laga um einkahlutafélög. Í stefnu eru rakin nokkur tilvik þessu til skýringar og í greinargerð er skýrt frá sömu tilvikum en með

öðrum hætti. Hafa málsaðilar m.a. deilt um vörslur og umráð stefnanda yfir bifreiðum í eigu sameignarfélagsins annars vegar og einkahlutafélagsins hins vegar.

Með símskeyti dagsettu 26. nóvember 2009 boðaði stefndi Eiríkur Ormur til stjórnarfundar í Vélsmiðju Orms og Víglundar ehf. mánudaginn 30. nóvember 2009. Ekki er getið um dagskrá fundarins í fundarboðinu. Með bréfi dagsettu 30. nóvember 2009 tilkynnti stefnandi að hann gæti ekki mætt til stjórnarfundar á þessum tíma og stakk upp á að fundurinn yrði haldinn þremur dögum síðar eða á öðrum tíma ef mikið lægi við. Óskaði stefnandi eftir því að stjórnarfundarboð yrðu gerð með dagskrá. Þeirri beiðni var hafnað og bókaði stefndi Eiríkur Ormur fund með einum stjórnarmanni þar sem bókað var um ráðningu sonar hans, Ólafs Jóns Ormssonar, sem framkvæmdastjóra og honum sjálfum veitt umboð til að boða til hluthafafundar til að kjósa nýja stjórn í félaginu. Í framhaldinu var tilkynnt til Hlutfélagaskrár að búið væri að ráða nýjan framkvæmdastjóra.

Þann 27. nóvember 2009 lagði stefndi, Eiríkur Ormur Víglundsson, fram tvær aðfararbeiðnir hjá Héraðsdómi Reykjaness annars vegar fyrir hönd Vélsmiðju Orms og Víglundar ehf. og hins vegar fyrir hönd stefnda, Vélsmiðju Orms og Víglundar sf. Með beiðnum þessum var þess krafist að ein bifreið í eigu einkahlutafélagsins og tvær í eigu stefnda, Vélsmiðju Orms og Víglundar sf., sem voru í vörslum stefnanda skyldu teknar úr vörslum hans. Stefnandi mótmælti þessari aðgerð.

Með tölvubrési dagsettu 1. desember 2009 gerði lögmaður stefnanda Hlutfélagaskrá grein fyrir þróun mála og hélt því fram að stefndi Eiríkur Ormur hefði brotið á rétti stefnanda með því að halda stjórnarfund þar sem hann hafi verið einn viðstaddur og tekið ákvarðanir sem ekki hafi uppfyllt skilyrði samþykka einkahlutafélagsins og því hafi fundurinn ekki verið bær til að taka ákvörðun um ráðningu nýs framkvæmdastjóra. Hlutfélagaskrá ríkisskattstjóra lýsti því á hinn bóginn yfir í tölvubrési sama dag að ákvarðanir fundarins hafi verið lögmatar.

Með símskeyti 7. desember 2009 boðaði stefnandi til félagsfundar í sameignarfélaginu. Í fundarboðinu er tekið fram að fundurinn verði haldinn 10. desember 2009, kl. 09.00. Samkvæmt fundarboðun var dagskrá fundarins í fyrsta lagi að fjalla um heimild til þess að fara með atkvæðisrétt stefnda, Vélsmiðju Orms og Víglundar sf., á hluthafafundum í Vélsmiðju Orms og Víglundar ehf. Í öðru lagi að fjalla um heimildir til ráðstöfunar á eignum félagsins og fjármunum og í þriðja lagi önnur mál.

Hinn 9. desember 2009 boðaði stefndi, Eiríkur Ormur Víglundsson, til fundar í sameignarfélaginu með fundarboði sem barst stefnanda kl. 17.00 þann dag. Í fundarboðinu var tekið fram að fundurinn yrði haldinn þann 10. desember 2009 og að hann myndi hefjast kl. 8.30. Samkvæmt fundarboðun átti að fjalla um brottvikningu stefnanda úr félaginu. Þar kom jafnframt fram að tilefni brottvikningar stefnanda úr félaginu væri að stefnandi hefði brotið af sér gagnvart félaginu með því að neita að skila eignum félagsins þrátt fyrir margítrekaðar áskoranir.

Með bréfi lögmanns stefnanda til stefndu, dags. 10. desember 2009, var stefndu tilkynnt að engar forsendur væru fyrir því að taka ákvörðun af þessum toga þar sem skilyrði fyrir slíkri ákvörðun væru ekki fyrir hendi. Þá var tilkynnt að

stefnandi myndi ekki mæta til fundarins þar sem honum væri ekki heimilt að fjalla um ákvörðun af þessu tagi. Stefndi Eiríkur Ormur bókaði í fundargerð þá kröfu sína að stefnanda skyldi vikið úr félaginu. Var einnig bókað að stefndi Eiríkur Ormur samþykkti þá kröfu. Kveðst stefndi Eiríkur Ormur hafa gert þetta til að verja réttmætar kröfur sameignarfélagsins um að stefnandi skilaði aftur eignum þess, m.a. með aðför og innsetningu í bifreiðarnar, og til þess að reyna að skapa báðum félögum starfsfrið. Stefnandi segir hins vegar að ljóst sé að engar forsendur hafi verið fyrir þessari bókun stefnda Eiríks og ljóst sé að markmið hennar hafi verið að brjóta með ólögmætum hætti á rétti stefnanda sem sameiganda.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness í málinu nr. A-178/2009, sem kveðinn var upp 11. febrúar 2010, var hafnað kröfu stefnda, Vélsmiðju Orms og Víglundar sf., um að tvær bifreiðar yrðu teknar úr vörslum stefnanda.

Þann 22. febrúar tók Fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra við tilkynningu um stofnun eignarhaldsfélagsins VOOV ehf. Þar kemur fram að stefndi Eiríkur Ormur er stofnandi, stjórnarmaður og framkvæmdastjóri félagsins. Í 5. gr. stofnskrár félagsins kemur fram að hlutafé félagsins sé 10.314.053 krónur og að það greiðist með því að stefndi Eiríkur Ormur leggi inn allar eignir Vélsmiðju Orms og Víglundar sf. sem hann sé einn eigandi að.

Í bréfi Sýslumannsins í Reykjavík til stefnda Eiríks Orms Víglundssonar, dagsettu 17. mars 2010, er greint frá því að tilkynning um brottvikningu stefnanda yrði afmáð úr Firmaskrá Reykjavíkur og skráningu breytt til fyrra horfs.

Með símskeyti stefnanda til stefnda, Eiríks Orms Víglundssonar, dagsettu 7. apríl 2010, var boðað til félagsfundar í Vélsmiðju Orms og Víglundar sf. miðvikudaginn 14. apríl 2010 kl. 15.00. Jafnframt er þar tilkynnt að tekin verði fyrir krafa stefnanda um slit á sameignarfélaginu á grundvelli 38. gr. laga nr. 50/2007 um sameignarfélög. Í þinghaldi máls þessa þann 15. apríl 2010 var lögð fram svohljóðandi bókun stefnda Eiríks Orms: “Vegna skeytis stefnanda, dags. 7. apríl 2010, þar sem boðað er til félagsfundar í stefnda – Vélsmiðju Orms og Víglundar sf. er því harðlega mótmælt, að stefnandi hafi heimild til að koma fram f.h. stefnda með þessum hætti. Engu að síður, fellst stefndi Eiríkur O. Víglundsson á kröfu stefnanda um að Vélsmiðju Orms og Víglundar sf. verði tafarlaust slitið og krefst þess að afstaða hans verði bókuð. Jafnframt féll stefndi frá öllum kröfum um lögboðna eða sammingsbundna fresti og teljist félaginu slitið hér og nú. Í ljósi þessa er þess krafist að málinu verði tafarlaust vísað frá dómi, ex officio á grundvelli 25. gr. eml. þar sem stefnandi hefur ekki lengur neina hagsmuni af því að fá leyst úr kröfum sínum þar sem andlag kröfugerðarinnar er ekki lengur til staðar. Jafnframt krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda, en kostnaður stefndu af málinu til dagsins í dag, nemur kr. 523.000,-.” Við svo búið var málinu frestað til munnlegs málflutnings um frávísunarkröfu stefndu. Með úrskurði dómsins, dagsettum 30. júní 2010, var hafnað frávísunarkröfu stefndu í málinu.

Fyrir dómi gáfu skýrslu stefnandi, Guðmundur Helgi Víglundsson, stefndi Eiríkur Ormur Víglundsson, svo og Haukur Gunnarsson löggiltur endurskoðandi.

Stefnandi kveður kröfur sínar byggja á því að ekki hafi verið fyrir hendi skilyrði samkvæmt 36. gr. laga nr. 50/2007 um sameignarfélög fyrir ákvörðun um brottvikningu stefnanda úr félaginu. Stefnandi hafi á engan hátt brotið af sér gagnvart sameignarfélaginu heldur þvert á móti í hvívetna haldið til haga hagnunum þess. Stefndi, Eiríkur Ormur Víglundsson, hafi á hinn bóginn ítrekað reynt að ganga á réttindi stefnanda bæði í sameignarfélaginu og einkahlutafélaginu í því skyni að afla sjálfum sér ólögðra réttinda.

Stefndi Eiríkur Ormur hafi haldið því fram að stefnandi hafi brotið af sér gagnvart félaginu með því að halda fyrir því eignum í þess eigu og neitað að skila þeim eignum þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir. Í fyrsta lagi bendi stefnandi á að um sé að ræða ágreining á milli sameiganda um umráð á bifreiðum í eigu félagsins. Sá ágreiningur hafi verið lagður til úrskurðar hjá Héraðsdómi Reykjaness í tilefni af aðfararbeiðnum stefnda Eiríks Orms. Athygli sé vakin á því að stefndi Eiríkur Ormur sé sjálfur með bifreiðar í eigu félagsins í sínum umráðum. Í öðru lagi bendi stefnandi á að stefndi Eiríkur Ormur hafi ekki heimild samkvæmt lögum til þess að taka upp á sitt eindæmi ákvarðanir fyrir hönd sameignarfélagins um umráðarétt á bifreiðum í eigu félagsins.

Stefnandi kveður rétt að geta þess að hvorki stjórn né framkvæmdarstjóri hafi verið kosin í félaginu og geti því hver og einn félagsmaður aðeins gert ráðstafanir sem séu eðlilegur þáttur í rekstri félagsins og að því tilskyldu að enginn félagsmanni hafi lýst sig mótfallinn ráðstöfuninni, sbr. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 50/2007 um sameignarfélög. Ljóst sé að ákvörðun stefnda Eiríks Orms uppfylli hvorugt skilyrði ofangreindrar lagagreinar og því hafi þurft heimild félagsfundar til að taka ákvörðun um ráðstöfun bifreiða sem sameigendur hafa umráð yfir. Sú heimild hafi ekki verið fengin. Fyrir liggja hins vegar ákvörðun löglega boðaðs félagsfundar, þann 10. desember 2009, þar sem þessum aðgerðum stefnda Eiríks Orms hafi verið harðlega mótmælt. Stefndi Eiríkur Ormur hafi því engar heimildir til þess að krefjast þess að stefnandi hafi ekki vörslur bifreiðanna.

Stefnandi kveðst mótmæla því sem fram komi í bókun í framangreindri fundargerð um að hann hafi hlaupist úr starfi framkvæmdarstjóra ofangreinds einkahlutafélags og að hann hafi unnið stefnda, Vélsmiðju Orms og Víglundar sf., tjón. Hið rétta sé að stefndi Eiríkur Ormur hafi með ýmsum hætti reynt að koma í veg fyrir að stefnandi geti sinnt starfi framkvæmdastjóra einkahlutafélagsins. Þá séu fullyrðingar stefnda Eiríks um að stefnandi hafi valdið tjóni algerlega tilhæfulausar enda engin gögn sem bendi til slíks. Það sé ljóst að markmið stefnda Eiríks með þessari háttsemi hafi verið að brjóta á réttindum stefnanda sem sameiganda í félaginu og koma málum þannig fyrir að stefndi gæti ráðskast með sameignarfélagið án þess að taka tillit til hagnuna annars sameigandans. Sé það gróft brot á reglum um sameignarfélög og hagsmunum stefnanda og félagsins.

Stefnandi kveður aðalkröfu sína, um að staðfest verði að ákvörðun um brottvikningu stefnanda úr félaginu sé ógild, byggja á því að þar sem skilyrði 36. gr. laga um sameignarfélög hafi ekki verið uppfyllt sé ákvörðun fundarins markleysa og hafi því engin réttaráhrif. Ljóst sé að háttsemi stefnda, Eiríks Orms Víglundssonar, sé algerlega tilefnislaus, gerð til þess að brjóta á rétti stefnanda og gróf tilraun til brots á lögum um sameignarfélög. Varakrafa stefnanda byggi á því að ef ákvörðunin telst ekki markleysa þá beri í öllu falli að ógilda hana þar sem því

fari fjarri að skilyrði 36. gr. laga nr. 50/2007 um sameignarfélög séu uppfyllt.

Hvað lagarök varðar kveðst stefnandi byggja kröfur sínar á lögum nr. 50/2007 um sameignarfélög, einkum 1. mgr. 19. gr. og 36. gr. Kröfu um málskostnað byggji stefnandi á ákvæðum XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Mál þetta sé rekið fyrir Héraðsdómi Reykjaness samkvæmt heimild í 1. mgr. 33. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

III

Stefndu kveða stefnanda aðallega leita úrlausnar um það hvort sú ákvörðun félagsfundar í stefnda, Vélsmiðju Orms og Víglundar sf., frá 10. desember 2009, að vísa stefnanda úr félaginu sé ógild en til vara sé þess krafist að ákvörðunin verði dæmd ógild. Eins og 36. gr. laga nr. 50/2007 um sameignarfélög beri með sér, sé það forsenda fyrir ógildi ákvörðunar um brottvikningu, að hún hafi verið tekin með ólögumætum hætti. Stefndu fái því ekki séð að neinn eðlismunur sé á aðal- og varakröfu stefnanda og líti stefndu þannig á að í raun sé um sömu kröfuna að ræða.

Kröfu sína um sýknu byggja stefndu á því að eins og málum hafi verið komið milli stefnanda og stefnda Eiríks Orms þá hafi verið algerlega brostinn allur grundvöllur undir frekara samstarfi þeirra á milli innan stefnda Vélsmiðju Orms og Víglundar sf. Stefndi Eiríkur Ormur sé einn eigandi að sameignarfélaginu en aðild stefnanda byggðist á nauðsyn þess að félagið héldi skattalegu sjálfstæði. Hvorki stefnandi né stefndi Eiríkur Ormur hafi haft laun frá stefnda Vélsmiðju Orms og Víglundar sf. heldur hafi báðir verið launaðir starfsmenn Vélsmiðju Orms og Víglundar ehf. Þá hafi allar eignir stefnda Vélsmiðju Orms og Víglundar sf., verið leigðar Vélsmiðju Orms og Víglundar ehf. Stefndi hafi hvorki fyrr né síðar lagt stefnda Vélsmiðju Orms og Víglundar sf. til fé, eða ábyrgðir umfram persónulega ábyrgð sína eins og getið sé í 2. gr. félagssammingsins. Staðhæfingum í stefnu um eignarhald stefnanda á einhverjum hlut í stefnda Vélsmiðju Orms og Víglundar sf. svo og að stefnandi og stefndi Eiríkur Ormur hafi um áratuga skeið haft aðalatvinnu af starfsemi stefnda, Vélsmiðju Orms og Víglundar sf., séu bæði rangar og þeim mótmælt sem ósönnuðum.

Stuttu fyrir brottlaup sitt úr starfi framkvæmdastjóra hafi stefnandi tekið ófrjálsri hendi tvær bifreiðar í eigu hins stefnda sameignarfélags svo og verkfæri og önnur tól og tæki í eigu þess, sem notaðar hafi verið í tengslum við starfsemi einkahlutafélagsins. Þótt stefnandi hafi haft aðgang að nefndum bifreiðum jafngildi það á engan hátt því að hann hafi átt að hafa frí afnot af þeim til persónulegra nota. Öllum staðhæfingum um slíkt sé harðlega mótmælt sem bæði röngum og ósönnuðum. Áskilji stefndu sér allan rétt til skaðabóta úr hendi stefnanda vegna þessa. Þessi sjálfataka hafi verið einhliða ákvörðun stefnanda enda liggi hvorki samþykki stefnda Eiríks Orms, sem sé einn í forsvari fyrir Vélsmiðju Orms og Víglundar sf., né annað samkomulag fyrir þessari sjálfstöku.

Samkvæmt 19. gr. laga um sameignarfélög sé hverjum félagsmanni einungis heimilt að gera ráðstafanir í nafni félags, sem teljist eðlilegur þáttur í rekstri þess, hafi því hvorki verið skipuð stjórn né ráðinn framkvæmdastjóri. Einkaafnot aðila af tækjum og tólum í eigu sameignarfélags geti á engan hátt talist þáttur í rekstri

félagsins, auk þess sem því fari fjarri að slík ráðstöfun hafi verið samþykkt af stefnda Eiríki Ormi. Öllum staðhæfingum í stefnu um að stefnandi hafi haft lögmatar vörslur umræddra bifreiða sé mótmælt sem röngum, enda fáheyrð að starfsmenn félaga séu með þrjár bifreiðar til einkaafnota, eins og stefnandi haldi fram. Á hinn bóginn hljóti það að teljast eðlilegur þáttur í rekstri sameignarfélags að sá sem sé í forsvari fyrir það, geri allt það sem hann geti til að nálgast eigur þess hvar sem þær sé að finna í þeim tilgangi að nýta þær í þágu félagsins og við starfsemi þess. Allar ásakanir stefnanda um heimildarskort stefnda Eiríks Orms til að svipta stefnanda afnotum bifreiðanna séu því með öllu haldslausar og sé þeim hafnað.

Stefndu bendi jafnframt á, að samkvæmt tilkynningu til firmaskrár sem móttækin hafi verið 30. ágúst 1984, hafi í samráði við dánarbú Víglundar Guðmundssonar verið ákveðið að stefndi Eiríkur Ormur skyldi einn rita firma félagsins. Sú ráðstöfun hafi haldist óbreytt þegar skipt hafi verið um aðild dánarbúsins að félaginu með tilkynningunni 30. september 1994. Hafi átt að gera breytingu á þeirri ráðstöfun hafi borið að gera það samhliða þeirri tilkynningu. Þar sem það hafi ekki verið gert verði að líta svo á að stefnandi hafi samþykkt og gengist undir þær ráðstafanir að öllu leyti. Samkvæmt lögum nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð sé ljóst, að sá sem ritar firma sé í forsvari fyrir félag og komi fram fyrir þess hönd. Hann einn hafi heimild til að skuldbinda félag og gera rástafanir í þess nafni. Þó ekki sé það nefnt því nafni samkvæmt lögnum megi engu að síður jafna stöðu þess sem ritar firma til stöðu stjórnar eða framkvæmdastjóra eins og það sé skilgreint í lögum um sameignarfélög. Þá bendi stefndu á, að skýrt sé kveðið á um það í 25. gr. laga um sameignarfélög, að halda skuli eignum skráðra sameignarfélaga aðskildum frá eignum félagsmanna.

Samkvæmt 1. mgr. 36. gr. laga um sameignarfélög, staflaðum b og c, sé heimilt að víkja félagsmanni úr félagi hafi hann gerst sekur um verulega vanefnd á félagssamningi eða aðrar mikilvægar ástæður krefjist brottvikningar hans. Eins og um geti í 6. mgr. 36. gr. séu ákvæði hennar frávíkjanleg. Greinin telji því ekki á tæmandi hátt þær ástæður sem leitt geti til brottvikningar úr sameignarfélagi. Því verði að líta heildstætt á samskipti aðila. Við skýringu á ákvæði greinarinnar um hvað teljist veruleg vanefnd á félagssamningi sé í athugasemdum með frumvarpi laganna m.a. vísað til skýringa á 32. gr. þeirra. Þar sé tekið fram, að sem dæmi um verulega vanefnd á félagssamningi megi nefna ef einn félagsmaður geri eitthvað í nafni félagsins þrátt fyrir að annar félagsmaður hafi lagt bann við því og beitt neitunarvaldi sínu. Stefnandi hafi því hvorki haft rétt né heimild til að taka margnefndar bifreiðar til sinna persónulegu nota og hafi algerlega hundsáð þá afstöðu stefnda Eiríks Orms í þessu máli. Hafi stefnandi þar með brotið verulega og alvarlega gegn félagssamningnum.

Þessu til viðbótar þegar sé litið til háttsemi stefnanda í heild, þar sem hann hafi ítrekað hindrað og reynt að hindra að dótturfélagi stefnda, Vélsmiðju Orms og Víglundar ehf., sé skipuð starfhæf stjórn og ráðinn nýr framkvæmdastjóri sé auðsætt að hann hafi ekki aðeins brotið alvarlega gegn félagssamningi stefnda Vélsmiðju Orms og Víglundar sf. heldur séu jafnframt komnar fram mikilvægar ástæður til þess að víkja honum úr hinu stefnda sameignarfélagi svo koma megi á bæði starfhæfri stjórn og skapa frið um rekstur og starfsemi einkahlutafélagsins.

Það sé því ljóst, að ekki aðeins hafi allar forsendur fyrir brottrekstri stefnanda úr félaginu verið til staðar þegar ákvörðunin var tekin þann 10. desember 2009 heldur hafi það verið knýjandi og brýn þörf á því, til að skapa báðum félögum rekstrar- og starfsfrið. Ákvörðunin hafi verið tekin á formlega réttan hátt og kynnt stefnanda með formlega réttum hætti. Því beri að hafna kröfum stefnanda og sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Stefndu kveðast, til viðbótar þeim lagatilvísunum sem að framan sé getið, vísa til ákvæða laga 42/1903, einkum II kafla laganna. Um málskostnað vísi stefndu til 130. gr., sbr. 129. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála.

IV

Ágreiningur máls þessa er um gildi þeirrar ákvörðunar félagsfundar í stefnda, Vélsmiðju Orms og Víglundar sf., frá 10. desember 2009, að víkja stefnanda úr sameignarfélaginu.

Í félagssamningi sem Víglundur Guðmundsson og stefndi Eiríkur Ormur Víglundsson gerðu með sér og skráður var í firmaskrá 25. júní 1980, kemur fram að þeir reki vélsmiðju í félagi svo og annan skyldan atvinnurekstur undir firmanafninu Vélsmiðja Orms og Víglundar sf. Fram er tekið að hlutur Eiríks Orms nemi 80% en hlutur Víglundar 20% og skuli ágóða og halla af starfsemi félagsins skipt eftir sömu hlutföllum, en gagnvart lánadrottnum skyldu þeir ábyrgjast skuldir félagsins að óskiptu. Eftir andlát Víglundar árið 1984 var tilkynnt til firmaskrár af ekkju hans, Eyrúnu Eiríksdóttur, að firmað yrði eftirleiðis ritað af stefnda, Eiríki Ormi. Þann 30. september 1994 tilkynnti Eyrún til firmaskrár að aðild hennar að rekstri sameignarfélagsins væri lokið. Jafnframt var tilkynnt að stefnandi hefði gerst aðili að sameignarfélaginu. Tekið var fram í tilkynningunni, sem undirrituð er af Eyrúnu Eiríksdóttur, Eiríki Ormi Víglundssyni og Guðmundi Helga Víglundssyni, að stefnandi og stefndi Eiríkur Ormur ábyrgist skuldbindingar félagsins báðir fyrir annan og annar fyrir báða.

Fyrir dómi greindi stefnandi frá því að komið hefði upp mikill ágreiningur milli hans og stefnda Eiríks Orms í júlí 2009 vegna kröfu stefnanda um skiptinu á landi Skeggjastaða. Hefðu þeir bræður ekki ræðst við eftir þetta og svo hefði farið að stefndi Eiríkur Ormur hefði bolað honum út úr störfum og rekstri félaganna og meðal annars skipt um læsingar í hurðum að fyrirtækinu og þannig útilokað hann frá því að sinna starfi sínu sem framkvæmdastjóri einkahlutafélagsins. Fyrir dómi greindi stefndi, Eiríkur Ormur, frá því að krafa stefnanda um að sameign þeirra bræðra í landi Skeggjastaða yrði skipt á milli þeirri hefði valdið deilum þeirra. Hann kannaðist við að hafa skipt um læsingar í hurðum, en það hefði verið gert til að vernda stefnanda ef eitthvað kæmi fyrir í fyrirtækinu, enda hefðu fjölmargir aðrir haft lykil að fyrirtækinu.

Með ákvörðun félagsfundar stefnda, Vélsmiðju Orms og Víglundar sf., þann 10. desember 2009, var samþykkt að kröfu stefnda Eiríks Orms að víkja stefnanda úr sameignarfélaginu. Í fundargerð frá fundinum er upplýst og bókað að til fundarins hafi verið boðað þar sem stefnandi hafi á undanförunum mánuðum, eða frá

Því að hann hafi hlaupist á brott úr starfi framkvæmdastjóra Vélsmiðju Orms og Víglundar ehf., hegðað sér með þeim hætti að til tjóns horfi fyrir bæði félögin og að útilokað sé að starfa saman að rekstri Vélsmiðju Orms og Víglundar sf. Þannig hafi stefnandi tekið ófrjálstri hendi bifreiðar í eigu félagsins og neiti að skila þeim. Að mati stefnda Eiríks Orms hafi staðan verið orðin svo alvarleg að frekara samstarf hans og stefnda sé með öllu útilokað og geri hann þá kröfu að stefnanda verði vikið úr félaginu. Var það samþykkt með „öllum greiddum atkvæðum.“

Ákvörðun félagsfundar stefnda Vélsmiðju Orms og Víglundar sf. um að víkja stefnanda úr sameignarfélaginu er byggð á heimild í 36. gr. laga nr. 50/2007 um sameignarfélög. Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að víkja félagsmanni úr sameignarfélagi með skriflegri tilkynningu ef bú hans hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta, eða hann er af öðrum ástæðum ófær um að standa við skuldbindingar sínar; ef félagsmaður hefur gerst sekur um verulega vanefnd á félagssamningi; eða ef mikilvægar ástæður krefjast brottvikningar hans. Í athugasemdum í frumvarpi því er varð að framangreindum lögum er tekið fram að veruleg vanefnd á félagssamningi veiti rétt til brottvikningar. Um geti verið að ræða brot á skyldum samkvæmt félagssamningi sem leiði af ákvæðum hans eða samkvæmt lögum eða öðrum almennum meginreglum sem gildi um samninginn.

Af hálfu stefndu er öðrum þræði byggt á því í málinu að stefnandi hafi ekki verið félagsmaður í sameignarfélaginu heldur aðili. Sú fullyrðing stefndu er í andstöðu við kröfu stefnda, Eiríks Orms Víglundssonar, í fundargerð frá félagsfundi í Vélsmiðju Orms og Víglundar sf. frá 10. desember 2009 um að víkja stefnanda „tafarlaust úr félaginu“. Þá liggur fyrir að stefnandi er skráður eigandi að sameignarfélaginu hjá firmaskrá og er við það miðað við úrslausn þessa máls að stefnandi hafi gerst sameigandi að félaginu með tilkynningu til firmaskrár Reykjavíkur, dagsettri 30. september 1994, þar sem stefnandi tókst á hendur ábyrgð á skuldbindingum félagsins til jafns við stefnda, Eirík Orm Víglundsson. Við það er einnig miðað að sameignarfélag sé félag í eigu tveggja eða fleiri félagsmanna og því komi ekki til álita að stefndi Eiríkur Ormur hafi verið eini eigandi félagsins frá árinu 1994.

Tilfni kröfu stefnda Eiríks Orms um brottvikningu stefnanda úr sameignarfélaginu eru sagðir samstarfsörðugleikar bræðranna sem þeir eru sammála um að stafi af ágreiningi þeirra vegna Skeggjastaðalands. Forsenda kröfunnar er einnig sögð vera vegna hegðunar stefnanda að undanfögnu sem horfi til tjóns fyrir bæði félögin. Þá hafi stefnandi neitað að skila tveimur bifreiðum sameignarfélagsins í hans vörslum. Hvað varðar ágreining vegna bifreiða félagsins í vörslum stefnanda þá liggur fyrir að leyst var úr þeim ágreiningi með úrskurði dómsins frá 11. febrúar 2010 þar sem hafnað var kröfu stefndu um að bifreiðarnar yrðu teknar úr vörslum stefnanda og umráð þeirra fengin stefndu. Framhjá því verður ekki horft við mat á gildi hinnar umþrættu ákvörðunar að stefndi Eiríkur Ormur lagði þann ágreining fyrir dóm með aðfararbeiðni dagsettri 27. nóvember 2009. Um það hvort framkoma stefnanda að undanfögnu hafi valdið sameignarfélaginu eða muni valda tjóni, þá liggur ekkert fyrir um það meðal málgagna að svo sé. Í máli stefnda Eiríks Orms fyrir dómi kom fram að viðskiptabanki félagsins neitaði því um verkábyrgðir vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Um þetta liggur ekkert fyrir í málinu og verður ekki annað séð en að slík neitun, sé hún fyrir hendi, og meint brottthlaup stefnanda úr starfi framkvæmdastjóra einkahlutafélagsins snúi að því félagi en ekki sameignarfélaginu

og geti ekki réttlætt ákvörðun félagsfundar stefnda, Vélsmiðju Orms og Víglundar sf. um að víkja stefnanda úr félaginu.

Samkvæmt framangreindu hafa stefndu ekki að mati dómsins fært fram haldbær rök fyrir því að stefnandi hafi vanefnt félagssamninginn verulega eða að aðrar mikilvægar ástæður réttlæti ákvörðun um að víkja stefnanda úr sameignarfélaginu. Þykja því ekki hafa verið uppfyllt skilyrði 1. mgr. 36. gr. laga nr. 50/2007 til að víkja stefnanda úr hinu stefnda sameignarfélagi. Ákvörðun félagsfundar stefnda 10. desember 2009 um að víkja stefnanda úr hinu stefnda félagi er þannig ógild frá upphafi og markleysa. Í samræmi við það verður aðalkrafa stefnanda í málinu tekin til greina.

Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefndu in solidum gert að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 500.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Er þá tekið mið af því að samhliða þessu máli hafa sömu aðilar rekið dómsmál sín á milli um tengt álitæfni, málið nr. E- 1433/2010.

Jón Höskuldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákvörðun félagsfundar stefnda, Vélsmiðju Orms og Víglundar sf., sem fram fór 10. desember 2009 um brottvikningu stefnanda, Guðmundar Helga Víglundssonar, úr sameignarfélaginu er ógild.

Stefndu, Eiríkur Ormur Víglundsson og Vélsmiðja Orms og Víglundar sf. greiði stefnanda 500.000 krónur í málskostnað.

Höskuldsson

Jón